



VARAHLUTIR OG
ANNAÐ SEM ÞARF
FYRIR BÍLINN




SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Ísmaðurinn étur það sem að kjafti kemur

Bolvíkingurinn Sigurður Pétursson skipstjóri hefur verið búsettur á Grænlandi í bráðum tuttugu ár. Fyrst stundaði hann þar fiskveiðar en seinni árin siglir hann einkum með túrista og vísindamenn. Um þessar mundir er hann á Ísafirði að gera við bátinn sinn. Ísmaðurinn er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 8 og 9.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 2. júlí 2015 · 26. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Kassaklifur á Eyrartúni

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Ný jafnréttisstefna samþykkt hjá Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt nýja jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Með stefnunni vill sveitarfélagið horfa á jafnrétti í víðara samhengi en jafnrétti varðar ekki einungis baráttu kvenna heldur einnig annarra hópa samfélagsins. Jafnréttisstefnan ætti að ná til allra þjóðfélagshópa og endurspegla margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélagsins þar sem jafnræði íbúa og mannréttindi eru höfð að leiðarljósi. Lýðræðisþjóðfélag bygg-

ir á því að ólíkir hagsmunir og sjónarmið séu viðurkennd og virt og nauðsynlegt er að rödd allra heyrir.

Markmið jafnréttisstefnunnar er að íbúar Ísafjarðarbæjar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska, hæfileika sína óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, kynhneigð, aldri, efnahag, fötlun, heilsufari eða annarrar stöðu. Til að ná þessu markmiði skulu Ísafjarðarbær, stofnanir hans og aðrir sem í hlut sinn fá

beina styrki til starfa frá sveitarfélaginu, gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja-sjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum sínum. Ísafjarðarbær skal vinna að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi sveitarfélagsins og vinna gegn mismunun.

Jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar nær til stjórnsýslu bæjarins, starfsmanna hans og allrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana sveitarfélagsins.

Krefjast bóta upp á 147 milljónir króna

Bolungarvíkurkaupstaður hefur stefnt framleiðanda vírnets í snjóflóðavarnargarða og verktökum vegna hruns sem varð úr varnargörðum undir Traðarhyrnu árið 2009. Framkvæmdir við garðana voru þá skammt á veg komnar. Byrja þurfti upp á nýtt á verkinu samkvæmt nýrri hönnun vegna hrunsins, en Bolungarvíkurkaupstaður greiddi hinn aukna kostnað sem af því hlaut.

Bærinn fer fram á að fá 147 milljónir króna í bætur. Stærstur hluti kröfunnar er á hendur Officine Maccaferri, sem framleiðir vírnet sem fór í varnar-



garðana. Fyrirtækið er krafðið um 103 milljónir króna til að greiða aukinn efniskostnað sem kom til eftir að hönnun var breytt.

Þá eru verktakar krafðir um 44 milljónir króna, sem bæta eiga það tjón sem varð við að koma verkinu á þann stað sem það var áður en hrunið varð. Yfirmatsmenn eru nú að störfum við að meta tjónið og gert er ráð fyrir að þeir skili niðurstöðu síðar í sumar.

Mýraboltinn næst skrítnastur

Mýraboltinn á Ísafirði er næst skrítnasta útgáfa knattspyrnu samkvæmt alþjóðlega fótboltamiðlinum Copa90 sem valdi nýverið fimm undarlegustu leikform fótbolta á YouTube rás sinni. Mýraboltinn á Ísafirði hreppti þar annað sætið með þeim orðum að þátttaka í honum væri gríðarlega skemmtileg og fólk kæmi alls staðar að úr heiminum

til að spila, þrátt fyrir að mjög líklegt væri að það endaði með andlitið í drullunni.

Skrítnasta form fótboltans þykir spilað í Flórens á Ítalíu. Einu reglurnar í þeim leik er að bannað er mæta vopnaður til leiks. Mýraboltinn verður haldinn í 12. skipti á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Skráning er í fullum gangi á Mýrabolti.com.

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

Vinnuvélaréttindi

Vinnuvélanámskeið verður haldið á Ísafirði í ágúst n.k. ef þátttaka fæst. Námskeiðið gefur rétt til próftöku á allar gerðir og stærðir vinnuvéla. Upplýsingar í síma 822 4502 og rektorinn@gmail.is



AGA GAS ALLS STAÐAR



Ísafjörður: Vélsmiðja Þrastar Marzellíussonar ehf, s. 456 3349.
Bjarkalundur: Hótel Bjarkalundur, s. 695 2091.

ÞÚ GETUR SLAKAÐ Á OG
UPPLIFAÐ ÖRYGGI VIÐ
GRILLIÐ MEÐ AGA GAS

ÍSAGA ehf • WWW.GAS.IS
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 577 3000



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimil á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Í mörg horn að líta

Að því er ætla má ríkir samstaða um að í Stjórnskrá skuli tekið af öllum tvímæli um að auðlindir í náttúru Íslands séu þjóðareign. Sá ljóður er hins vegar á að mikill ágreiningur er uppi um orðaval á ákvæðinu. Og þar við situr. BB hefur í skrifum sínum að undanföru haldið á lofti slöku ástandi tveggja þátta, sem segja má að séu undirstöður að eflingu vestfirskra byggða. Annars vegar samgöngur og hins vegar raforku.

Samgöngur innan Vestfjarða að vetrarlagi eru með síkum endemum að engu tali tekur. Hvernig stjórnvöld sjá fyrir sér aukna samvinnu og verkaskiptingu milli suður og norður svæðisins, við slíkar aðstæður, er erfitt að ímynda sér.

BB hefur lengi klifað á því að við vegagerð á Íslandi, eigi að forðast fjallvegi, út frá veðurlagslegum aðstæðum, sé þess nokkur kostur. Í stað þess að klifra upp á hæstu tindum snjóþunga fjallgarða, með áskrift að illviðrum, komi jarðgöng og á láglandi verði firðir brúaðir til styttingar aksturleiða, eftir því sem tók eru á. Jarðgöng og brýr eru dýr mannvirki í byggingu. Sá hluti er þó aðeins önnur hlið málsins. Hin hliðin, sem sjaldan virðist tekin með í heildardæminu er viðhald og rekstur, líkt og snjómokstur fjallvega, samgöngutafir og öryggi vegfarenda, sem aldrei verður reiknað til fjár.

Þröskuldarnir á milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar sem skipta Vestfirðum í tvo landshluta eru annars vegar Hrafnseyrarheiði, sem fyrirhugað er að leyst verði af hólmi með jarðgöngum og hins vegar Dynjandisheiði þar sem nú er yfir 60 ára gamlan vegslóði, sem ekki er fær bifreiðum nema örfáa mánuði yfir sumarið. Þessum gamla vegslóða verður að skipta út með uppbyggðum vegi samhliða Dýrafjargöngum, sem nýttast ekki heildarsvæðinu að öðrum kosti. Dynjandisheiðin er sögð frekar snjólétt og því ætti uppbyggður vegur að gagnast vel. Fáeinir kaflar gætu þó reynst nokkuð snjóþungir. Á Óshlíðinni voru steinsteyptir skálar til varnar gegn skriðuföllum og snjóflóðum. Hvað með bogadregna skála studdir landfyllingum á snjóþungstu svæðunum?

Enn eina ferðina hefur óttinn um að Dýrafjargöngin lendi undir niðurskurðarhnífnum gert vart við sig. Í grein sinni „Af göngum og heiðum“ á bb.is. 16. júní s.l. kveður Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingmaður, áhyggjurnar í kútinn. Betur að hún hafi rétt fyrir sér, þó ekki væri nema hennar vegna.

s.h.

Spurning vikunnar

Lætur þú fé af hendi til góðgerðarmála?

Alls svöruðu 317.

Já sögðu 260 eða 82%

Nei sögðu 57 eða 18%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Smíðar hljóðfæri á Þingeyri

Jón Sigurðsson hljóðfærasmiður á og rekur Hljóðfærasafnið á Þingeyri. Safnið var áður heima hjá Jóni en hefur verið flutt í annað húsnæði. Á safninu má sjá hljóðfæri smíðu af Jóni ásamt þjóðlagahljóðfærum frá ýmsum löndum. „Ég hef líklega smíðað um helming hljóðfæra hér“ segir Jón. Stöðug aukning er í komum gesta á safnið. Í síðustu viku mætti þar bandaríska leikkonan Geena Davis ásamt syni sínum og fylgdarliði en hún var stödd hérlandis vegna ráðstefnunnar Inspirally WE2015 sem haldin var í Hörpu.

Jón hóf að smíða hljóðfæri árið 2003, þegar hann fékk beiðni um að smíða langspil fyrir eistneskan tónlistarkennara sem var um skeið á Þingeyri. Síðan hefur hljóðfærasmiðin undið upp á sig. Í dag smíðar Jón hljóðfæri nær eingöngu eftir pöntun. „Það eru aðallega langspilin sem ég er að selja og fara þau mest megnis erlendis.“ Jón segir að langspilið og íslenska fiðlan séu einu séríslensku hljóðfærin.

„Langspilin eins og þau líta út hér eru séríslensk og íslenska fiðlan er mjög sérstök með sínum tveimur strengjum og þekkt held ég hvergi annars staðar og hefur væntanlega verið smíðuð úr rekaviði hér áður fyrr. Ég hef



Jón Sigurðsson í dyragættinni að hljóðfærasafninu.

ekki selt margar fiðlur en þó eitt-hvað,“ segir Jón.

Að sögn Jóns eru helstu viðskiptavinir hans safnarar og áhugafólk um þjóðlagatónlist allsstaðar að úr heiminum. Jón Sigurðsson hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tónlist og hefur

starfað með ýmsum hljómsveitum frá 15 ára aldri. Jón lætur sér ekki nægja að smíða sín eigin hljóðfæri, hann spilar líka á þau og hefur ásamt konu sinni, Rakel Brynjólfssdóttur, komið fram opinberlega og þau sungið og spilað þjóðlög að fornum sið.

Reksturinn tryggður á Eyri

Framkvæmdir við hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði hafa tafist nokkuð vegna ýmissa þátta sem upphafa komið. Upphafleg verkáætlun gerði ráð fyrir að afhenda bygginguna 1. júní síðastliðinn en nú standa vonir til að hægt verði að afhenda það 1. júlí.

„Ef allt gengur samkvæmt áætlun og allir aðilar klára sitt verk, náum við að klára þetta um næstu mánaðarmót,“ segir Alfreð Erlingsson, framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka, sem sér um byggingu heimilisins. „Þótt við náum að klára er ekki þarf með

sagt að íbúðareigingarnar verði afhentar. Þá er eftir allir frágangur rekstraraðila s.s. að koma fyrir tækjum og húsgögnum.“

Vestfirskir verktakar eru að reisa fjórar húseiningar við Eyri. Þrjár eru fyrir þrjátíu gistirými og ein húseining er fyrir miðlægan þjónustukjarna. „Það er mikilvægt fyrir okkur sem samfélag að fá þessi rými sem fyrst í notkun. Það er fjárhagslega hagstæðast fyrir Ísafjarðarbæ að framkvæmdum ljúki á tilsettum tíma,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar-

bæjar. Úttekt verður gerð á verkunum 30. júní.

„Reksturinn er tryggur, velferðarráðuneytið er að vinna við samning þess efnis að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða taki við rekstrinum á hjúkrunarheimilinu Eyri og stefnt er að þeim samningum ljúki um næstu mánaðarmót. Í samningnum er gert ráð fyrir að 19 íbúarými sem nú eru á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða færist yfir í nýju byggingarnar“ sagði Gísli Halldór. Frágangur lóðar er á lokastigi en malbikað verður í ágúst. — ellathora@bb.is

Ljósleiðari um Vestfirði

Samningur milli fjarskiptasjóðs f.h. innanríkisráðuneytisins við Mílu ehf. um fyrri hluta hringtengingar ljósleiðarastrengs um Vestfirði var undirritaður í síðustu viku. Ekkert fjarskiptafélag bauð sig fram til verksins á markaðslegum forsendum og bauð sjóðurinn því út styrk í mars síðastliðnum. Þrjú tilboð bárust á bilinu 56,3 til 123 milljónir króna og átti Míla hagstæðasta tilboð. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á

131 milljón króna. Verkið felst í lagningu á ljósleiðarastofnstreng milli Staðar í Hrutafirði og Hólmavíkur með möguleika á ljósleiðaraheimtaugum að byggingum á leið strengsins. Heimtaugar heimila og fyrirtækja eru þó ekki hluti þessa samnings.

Orkubú Vestfjarða samnýtir jarðvinnuframkvæmdina á stærstum hluta leiðarinnar fyrir lagningu rafstrengs. Stefnt er að því að ljúka þessum samhliða framkvæmdum

á árinu. Seinni hluti hringtengingar Vestfjarða felst í sambærilegri framkvæmd á leiðinni milli Nauteyrar í botni Ísafjarðardjúps og Súðavíkur. Fjarskiptasjóður mun bjóða út styrk til þess verks á næstunni. Orkubú Vestfjarða hyggst jafnframt samnýta þá framkvæmd að miklu leyti. Stefnt er að framkvæmdum á þeirri leið á næsta ári. Að þeirri framkvæmd lokinni verður komin á hringtenging ljósleiðara um Vestfirði.



DAGSKRÁ

Fimmtudagur 2. júlí

20:00 Björn Thoroddsen og Vestfirðingar
Anna Þuríður Sigurðardóttir, Benni Sig, Ylfa Mist,
Stefán Freyr Baldursson, Dagný
Hermannsdóttir og Villi Valli í félagsheimili
Bolungarvíkur, aðgangseyrir

Föstudagur 3. júlí

11:00 Mannlíf Bolungarvíkur í gegnum árin
Ljósmyndasýning í kjarnanum við
Aðalstræti til 18:00

14:00 Pylsugrillpartý Samkaupa úrvals
Júhú! Grillaðar pulsar við Samkaup úrval til 17:00

16:30 Golfmót á Syðridalsvelli
Golfklúbbur Bolungarvíkur, Texas-fyrirkomulag,
skráning á golf.is, glæsileg verðlaun

20:00 Skrúðganga litanna
Með litum skal loft, láð og lög byggja

20:20 Vestfjarðavíkingurinn 2015
Víkingar keppa í réttstöðulyftu við Hreggnasa

20:30 Brekkusöngur og bál
Benni Sig heldur uppi logandi fjöri í gryfjunni við
Hreggnasa

Laugardagur 4. júlí

13:00 Markaðstorgið
Fjölbreytt, alþjóðlegt og skemmtilegt markaðstorg
stendur til 17:00

13:00 Söngkeppni markaðshelgarinnar 2015
Úrslitakeppnin fer fram í félagsheimilinu

13:00 Krakkafjör
Hoppukastalar, andlitsmálun, Barnasafnið og fleira
skemmtilegt

13:00 Gamli bílar og traktorar
Gamli bílar og traktorar vekja ómælda gleði og
ánægju

17:00 María Ólafs syngur
Fjölskyldudansleikur með Maríu Ólafs
Eurovisionfara og Húsinu á sléttunni

20:00 Einarshúsið
Bjarni Kristinn og Bryndís Elsa Guðjónsbörn leika og
syngja undir borðhaldi

23:00 Markaðsdansleikurinn
Húsið á sléttunni heldur uppi fjörinu með Maríu
Ólafs í félagsheimilinu

Auk þess á laugardegi

10:00 Sundlaug Bolungarvíkur
Musteri vatns og vellíðunar opnar með frábærri
vatnsrennibraut og alles til 18:00, aðgangseyrir


10:00 Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
Ísbjörninn og blöðruselurinn vilja gjarnan hitta
þig, aðgangseyrir

10:00 Sjóminjasafnið Ósvör
Sjóminjasafnið Ósvör er opið til 18:00,
aðgangseyrir

24/7 Grasagarðar Vestfjarða
Opin grasagarðar við félagsheimilið sem
varðveitir sérstaklega vestfirskar plöntur

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

vidburdir@bolungarvik.is - www.facebook.com/markadshelgin



Arnar Kristjánsson. Arnarborg ÍS 260 er á innfelldu myndinni. Ljós. Friðgerður Guðný Ómarsdóttir.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI SKRÚÐS Á NÚPI Í DÝRAFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skrúðs, í Dýrafirði, samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Reiturinn afmarkast af ytri umgjörð Skrúðs, alls um 4,42 ha að stærð. Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Skáli/gámaskýli (áður aðstöðuhús) fyrir starfsmenn verður fært ofar í brekkuna.
- Heimilt verði að reisa ræktunarrhús (gróðurhús) við hlið skála/gámaskýlis.
- Bílastæði innan við Skrúð sem búið er að gera, breytist í bílastæði fyrir rútur.
- Núverandi slóði frá rútubílastæði að skála/gámaskýli og ræktunarrhúsi verði endurnýjaður.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, frá og með fimmtudeginum 2. júlí 2015 og til fimmtudagsins 13. ágúst 2015 og birt á vefsíðu Ísafjarðarbæjar, isafjordur.is/umhverfid/deiliskipulag.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulags- og byggingafulltrúa á netfangið olofva@isafjordur.is eða á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út **fimmtudaginn 13. ágúst 2015.**

Ísafirði, 23. júní 2015,
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,
skipulags- og byggingafulltrúi.

Búinn að fara margar brekkurnar í útgerðinni

Arnarborg ÍS 260 kom til heimahafnar á Ísafirði í síðustu viku úr slipp á Akureyri. Skipið hét áður Gunnbjörn ÍS 302 og þar áður Framnes ÍS 708 þegar það var gert út frá Þingeyri. Nýr eigandi skipsins er útgerðarfélagið Sólberg ehf. á Ísafirði, sem er í eigu hjónanna Sigrúnar Fjólú Baldursdóttur og Arnars Kristjánssonar útgerðarmanns (Adda á Ármúla). Fyrir eiga þau rækju-skipið Ísborg ÍS 250. „Mér rann til rifja að sjá skipið liggja hér aðgerðalaust í höfn og mig langaði að prófa hvort það væri hægt að gera þetta út. Þegar Jón Guðbjartsson ákvað að hætta að gera út, þá orðaði ég við hann að ég myndi kaupa af honum Gunnbjörninn ef hann hefði áhuga á að selja mér hann,“ segir Addi.

„Þetta var í fyrrasumar, og svo þróaðist þetta, og ég fékk skipið afhent einhvern tímann í vetur. Þá var maður að spá hvernig maður ætti að snúa sér í þessu, og ég var að dunda í skipinu lítills háttar í vetur, og síðan ákvað ég að gera það út. Ég fór með það í slipp á Akureyri og var að koma þaðan í fyrradag. Ég á eftir að taka aðeins til hendinni og laga ýmislegt, eins og gengur með skip sem búið er að liggja.“

Arnar Kristjánsson er búinn að vera í útgerð frá 1984 eða í liðlega þrjátíu ár. „Ég er búinn að fara margar brekkurnar á þeim tíma,“ segir hann. Addi verður skipstjóri á Arnarborginni, að minnsta kosti fyrst um sinn, en hann hefur verið skipstjóri á Ísborginni jafnframt því að gera

út. „Og viðgerðarmaður og hvað sem til fellur hjá einstaklingsútgerð.“ Til að byrja með fer Arnarborg á rækjuveiðar hér við land og leggur upp hjá rækjuverksmiðjunni Kampa á Ísafirði, en Ísborg er á rækjuveiðum. Arnarborg er vínrauð eins og Ísborg, en meðan skipið hét Framnes og síðan Gunnbjörn var liturinn rústrauður.

Addi gerir einungis út yfir sumarið. „Ísborg hefur bara legið á veturna undanfarin ár. Það er hins vegar óskrifað blað hvernig verður með þetta skip. Ég byrja bara á rækjunni og svo getur verið að einhver verkefni falli til.“ Áhöfnin á Ísborg er fimm manns en á Arnarborg verða sex eða sjö í áhöfn.

– hlynur@bb.is

Guðmundur Fertram er Frumkvöðull ársins

Viðskiptablaðið hefur útnefnt stofnendur Kerecis á Ísafirði sem Frumkvöðul ársins. Stofnandi Kerecis er útnefndur Frumkvöðull ársins 2015 og stofnendur Tulipop er Sprotar ársins 2015. Kerecis var stofnað árið 2009 af feðgunum Guðmundi Fertram Sigurjónssyni og Sigurjóni N. Ólafssyni og vinnur lækningavörur úr roði, sem fellur til við roðflettingu á þorsflökum. Úr roðinu eru framleidd efni sem nýtast við ýmsar aðgerðir, þar sem byggja þarf upp skaðaðan líkamsvef eftir skurðaðgerðir eða slys.

Kerecis er lækningavöru-fyrirtæki sem þróað hefur einkaleyfa-

varða tækni til viðgerða á líkamsvef. Skaði á líkamsvef getur verið af ýmsum toga, allt frá sárum í kjölfar sykursýki, blóðrásarsjúkdóma og slysa yfir í skaða á líffærum.

Fyrstu vörur fyrirtækisins sem ætlaðar eru til viðgerðar og meðhöndlunar á húð og sárum, hafa hlotið samþykki bandarískra og evrópskra yfirvalda og hefur fyrirtækið nýverið hafið markaðssetningu á vörum. Fyrirtækið vinnur jafnframt að þróun á vörum til viðgerða á heilabasti og kviðslitum ásamt efnum sem nota má til enduruppbyggingar á brjóstum eftir krabbamein og til

nota við magaminnkun. Markmið fyrirtækisins er að í framtíðinni verði hægt að nota tækni fyrirtækisins til að gera við eða jafnvel endurskapa flóknari líffæri líkamans.

Vefjaviðgerðarefni Kerecis er affrumað Omega3 ríkt þorskröð. Við notkun er roðbúturinn lagður ofan í vefjasakaðann og vaxa þá heilbrigðar frumur líkamans inní efnið og hefja þar uppbyggingu á nýjum líkamsvef á meðan að efni Kerecis brotnar hægt niður. Starfsmenn Kerecis eru 16. Á Ísafirði, þar sem lögheimili félagsins er, Reykjavík og Washington DC (einn starfsmaður).

SUMAR TAX FREE

ferðavörur, reiðhjól og trjáplöntur



Trjáplöntur
og runnar
fyrir garðinn
og sumarhúsið

30% afsláttur af garðhúsgögnum



Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Gildir 30. júní- 5. júlí meðan birgðir endast

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. *Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Maður étur bara það sem að kjafti kemur

Bolvíkingurinn Sigurður Pétursson fór í ferð til Grænlands fyrir tæpum tveimur áratugum og heillaðist svo af landinu að hann ákvað að flytjast þangað búferlum. Hann býr nú í þorpinu Kuummiit á Austurströnd Grænlands og gerir þaðan út bátinn Uiloq í ferðamennsku og annað tilfallandi. Hann hefur öðlast heimsfrægð fyrir frækileg veiðifrek sín þó að sjálfur gefi hann nú lítið fyrir slíkt. Hann segist kunna afar vel við sig í landi hafiss og vetrar og það væri afar fínt í ellinni að vera kastað upp á jökul þar sem hann gæti leikið sér á snjósleða. Þar sé hann best geymdur.

Sigurður, sem er þekktari sem Ísmaðurinn, var staddur á Ísafirði á dögunum til að dytta að bátnum sínum fyrir komandi vertíð. Blaðamaður Bæjarins besta fékk Sigurð til að gera smá hlé á vinnu sinni og tók hann á spjall niðri á Sundahöfn.

Heillaðist af Grænlandi í fyrstu heimsókn

Glaðbeittur og skælbrosandi segir hann um leið og hann samþykkti viðtal: „Meira vesenið alltaf á ykkur fjölmiðlafólkinu. Ég get svo sem röflað eitthvað en ég man engar sögur lengur.“ Þegar blaðamaður byrjar viðtalið á spurningunni hvað hafi orðið til þess að Sigurður flutti til Grænlands skellir hann upp úr og segir: „Það er nú orðið svo langt síðan að ég er fyrir löngu búinn að gleyma því. Ég fór til Grænlands sem túristi fyrir allmörgum árum. Mér leist svo vel á landið að ég ákvað að flytja þangað. Eftir að heim var komið fór ég strax og ég gat aftur til landsins og ílentist þar, enda er ég þar enn.“

Ég fékk mér svo bát á Íslandi til að geta farið á milli landa og staða á Grænlandi. Skömmu síðar kynntist ég Íslending sem var með fabrikkur víða um Grænland og fór að veiða fyrir hann, því það vantaði grálúðu í frystihús hans á austurströndinni. Ég sigldi því þangað þar átti að vera svo mikið fiskirí. Það reyndist nú ekki vera eins mikill fiskur og sögur höfðu farið af, reyndar mun minna. En þetta gekk þó um tíma eða þar til fiskihúsið lokaði og síðan hef ég gert bátinn út í allt

mögulegt. Ekki fiskirí þó, þar sem það er löngu liðið. Aðallega eru þetta ferðir með túrista og alls kyns rannsóknarhópa. Það er mikið um að rannsóknarmenn komi og setji niður alls kyns dufl og tæki til að fylgjast með bráðnun jökla og sitthvað fleira. Annars tek ég allt sem til fellur.

Þarna settist ég að og hef verið síðan. Þarna er fínt að búa en þó erfitt þar sem sjóleiðirnar eru lokaðar svo stóran part úr árinu. Fjörðurinn hjá okkur er reyndar oftast opinn þó lokað sé út á haf, svo ég sótt túrista og farið með þá í snjósleðaferðir,“ skýrir Sigurður frá, en hann veigar sér ekki við að sigla meðal stærðarinnar ísjaka, langt frá næsta byggða bóli.

Styst að fara með bátinn til Ísafjarðar

„Þorpið er um 20 mílur frá Kulusuk og þar búa um 400 manns. Það eru um 30 mílur til Tasiilaq á Angmassalik-eyjunni yst í firðinum, en þar búa eitthvað um 2000 manns. Reyndar búa ekki nema ríflega 4000 manns á allri austurströnd Grænlands og það eru upp í 600 mílur á milli bæja,“ segir Sigurður og hlær. „Þetta er jú auðvitað mjög stórt land. Styst er fyrir mig að fara með bátinn minn á land á Ísafirði og því er ég hingað kominn nú. Síðast þegar ég þurfti að taka bátinn á land og dytta að honum fór ég til Suður-Grænlands og það var mun lengra og ég þurfti að fara fyrir suður fyrir Hvarf.“

Þetta er samt í fyrsta sinn sem Sigurður kemur með bátinn til Ísafjarðar. Hann segir það þó vera fínt að koma til Vestfjarða þar sem hann er fæddur og uppalinn í Bolungarvík.

„Maður þekkir víst einhver dýr hér ennþá,“ segir hann með glott á vör. „Svo á ég mörg skyldmenn hér svo það er mjög fínt að koma hingað. Alltaf gaman.“

Sigurður er fæddur árið 1948 og eins og áður sagði sleit hann barnsskónum í Bolungarvík. Hann segist alla tíð hafa verið á sjó.

„Alveg frá því í barnaskóla. Ég var eiginlega alla mína tíð á togara og oft sem skipstjóri. Fyrst í Bolungarvík á Júpiter gamla, en ég var líka bæði á Þingeyri, í Ólafsvík og Reykjavík. Svo

maður hefur komið víða við.“

Lokað fyrir sölu á afurðum ísbjarnar- og hvalveida

Margar sögur eru af ótrúlegum afrekum Sigurðar er kemur að veiðum, þá sér í lagi veiðum á ísbjörnum og hvölum. Sem dæmi varð hann heimsfrægur þegar hann drap hákarl með berum höndum í fjöruborði þegar hann var í veiðitúr á austurströndinni. Sigurður óð út í og greip um sporð hákarlsins og hélt honum og drap hann síðan með hníf. Í viðtali við Fréttablaðið á sínum tíma kippti hann sér þó ekki mikið upp við það ævintýri.

„Þetta var ekkert afrek enda var hákarlinn meðfærilegur,“ segir Sigurður, sem veitt hefur marga hákarla á ferli sínum sem togaraskipstjóri á Íslandsmiðum. Þá hefur hann væntanlega fellt fleiri ísbirni en nokkur Íslendingur fyrr og síðar. Aðspurður hvort hann sé mikill ævintýramaður gefur Sigurður lítið fyrir það og svarar hlējandi:

„Ég veit það nú ekki. Ævintýramaður, nei, seisei. En jújú, maður fór reglulega á ísbjarnar- og hvalveiðar fyrstu árin þegar ég var í fiskiríinu. Maður sigldi 200-300 mílur norður eftir til að veiða langhvali og ísbirni. En þetta er eins og annað í dag, þetta er orðið svo kvótasett. Eins og með aðrar fiskveiðar á að reyna stýra þeim þó margir dómamarar séu um það hvort það sé rétt eða rangt. Sitt sýnist hverjum.“

En þó verið sé að reyna stýra slíkum veiðum á Grænlandi eru allir markaðir lokaðir fyrir sölu á afurðunum. Þá skiptir engu að settur hafi verið kvóti svo ekki sé verið að ganga nærri stofnunum, hvorki langhvölunum né ísbjörnunum, Grænlandingar geta ekki selt neitt úr landi. Til dæmis hefur alltaf fengist gott verð fyrir tönnina úr langhval en nú er ekki hægt að koma henni úr landi, það er lokað fyrir það í öllum löndum, því við megum ekki vera vöndu kallarnir og skjóta hval. Sama er með ísbjörnninn, þó feldurinn af honum sé verðmætur má ekki selja neitt úr landi.

Manni finnst það þó skrítið að ekki skuli opnast fyrir sölu þegar búið er að setja á kvóta til að stýra veiðunum svo ekki verði neinn

skaði af veiðum. Alveg eins og með allt annað í náttúrunni. Mér finnst þetta nú ekki vera alveg eins og það eigi að vera. Þetta hefur mikil áhrif á atvinnulífið í Grænlandi. Þetta vesalings fólk sem þarna býr hefur því ekkert að gera nema selveiðar og lifir á þeim, en þar er búið að eyðileggja alla markaði fyrir skinnasölu af sel vegna kjaftagangs um að verið sé að útrýma selstofninum eða hvað það nú er sem kjaftavaðallinn segir.

Ég bara skil það ekki þar sem náttúran er þannig að mikið meira drepst heldur en nokkurn tímann er veitt. Ég get því ekki ímyndað mér að nokkur sé að útrýma þessum stofnum með byssu. Þar fyrir utan kemst mannfólkið ekki á nema um tíu prósent af þessum stöðum sem þessi kvikindi eru á.“

Best að eiga nóg af Tuborgnum

Sigurður býr á afar afskekktum stað en meiripart árs er innsiglingin til Kuummiit lokað vegna ísa. Heimamenn þurfa því að birgja sig vel upp fyrir veturinn.

„Reyndar var orðið fært ansi snemma í ár, en vanalega er fyrsta ferðin fær að landi til okkar í byrjun júlí. Svo lokast fyrir sjóleiðirnar aftur fyrir jól, stundum jafnvel í október. Hafísinn er svo helvíti erfiður. Heimamenn þurfa því að birgja sig vel upp fyrir veturinn því ekkert kemst þá af vistum til okkar nema með flugi. Við fáum vörur í búðirnar síðast í október og svo ekkert meir fyrr en í júlí. Menn verða því að velja réttan kost. Á vorin er því allt orðið vörulaust að mestu. Mest passa verslunarmenn sig á að eiga nóg af helvítis Tuborgnum,“ segir Sigurður hlējandi og bætir svo við. „Því þá kvarta menn minnst. Oft er orðið ansi lítið af matvöru þegar fyrsta skipið kemur,“ segir hann.

„En það er svona, lítið er um atvinnu þarna og margir á „sós-jalnum“ [félagsþjónustunni]. Í þorpunum er ekkert nema þjónusta eftir. Öll fyrirtæki búnin að leggja upp laupana. Þónokkrir eru þó á selveiðum þar sem búið er að loka fyrir allt annað. Þeir hanga allan daginn á ísnum í hvaða veðri sem er eftir einum helvítis sel og fá svo 200 krónur

fyrir skinnið og það er greitt með því. Þeir éta þó mikið selkjöt svo þeir fá eitthvað fyrir sinn snúð. Ég hafði aldrei étíð sel er ég kom til Grænlands og át hann í fyrsta skiptið þar.“

– Og bragðast hann vel?

„Mjög misjafnt er eftir dýrum hvernig kjötið er, en það er alveg ágætt. Á sumum dýrum er kjötið gott en allt í lagi á öðrum. Annars skiptir andskotann ekki máli hvað það er, maður étur bara það sem kjafti kemur þegar maður er svangur. Vandinn er bara sá að maður er aldrei svangur í raun, en ég held að allt sé gott ef sulturinn er annars vegar. Hins vegar finnst mér hvalspik afar gott, eiginlega algjört lostæti.“

Öll dýr hættuleg séu þau nógu svöng

– Eru ísbirnir mikið að sækja í mannabyggðir þar sem þú býrð?

„Þeir koma svolítið þarna já. Það er alltaf eitt og eitt kvikindi sem álpast inn í þorpin. Í vetur komu vísindamenn á þyrllu og töldu hausa og það var bara sama og alltaf, nóg til af þessum kvikindum. Svo ég sé enga ástæðu til að loka alfarið fyrir sölu á afurðunum.“

– Valda þeir ekki skaða þegar þeir komast upp með að fara nærri mannabústöðum?

„Nei, nei, alls ekki. Ég veit nú ekki hvern djöfullinn þeir ættu að skaða. Þeir hlaupa nú yfirleitt bara á flóttu undan manni þegar þeir sjá mann. Það hafa ekki margir verið etnir á Grænlandi af ísbjörnum. Ef þeir hafa eitthvað að éta lifa þeir alveg í sátt og samlyndi við menn.“

Öll dýr eru auðvitað hættuleg mönnum ef þau eru nógu svöng. Það gerðist hræðilegt tilvik um daginn í Tasiilaq þegar sleðahundar réðust á krakka vegna sultar og drápu hann. Hreinlega átu hann. Alveg hreint ótrúlegt helvíti. Þetta var bara um fjögurra eða fimm ára gamalt barn og alveg hroðalegt að heyra þetta. Þetta er nú sem betur fer einsdæmi. Misjafnt er hve menn hugsa vel um hundana milli þess sem ekki er verið að nota þá, en þarna hefur verið eitthvað kæruleysi í gangi. Það má ekki hafa hunda lausa nema rétt þegar þeir eru hvolpar, en þetta var bara



svakalegt dæmi.“

Grænlenka náttúru- fegurðin stórkostleg

Sigurður býr með Önnu Manikutdlak og Sunnu dóttur þeirra í Kuummiit. Hann segir að þrátt fyrir smæð þorpsins og afskekktan stað leiðist honum ekki. Það sé alltaf eitthvað til að hafa fyrir stafni og einhver til að kjafta við.

„Það þekkja allir alla eins og gengur á svona litlum stöðum. Þetta er allt almennilegt fólk. Manni leiðist því ekkert. Svo lengi sem maður getur fundið einhvern til að kjafta við er maður sáttur. Hausinn á mér er nú reyndar orðinn svo gamall og ónýtur að ég get ekki lært grænlenka málið almennilega. En það kemur ekki að sök, maður getur

alltaf gert sig skiljanlegan með handahreyfingum og öðru slíku. Það er ekkert vandamál, og skiptir svo sem engu helvítis máli hvort maður er skilinn eða ekki.“

Aðspurður um náttúrufergurunna á Grænlandi segir Sigurður hana vera stórkostlega.

„Þarna er afskaplega fallegt. Grænlenku firðirnir eru ósköp fallegir. Víða mjög falleg fjöll

og segja má að það sé eins og stækkuð mynd af landslaginu hér á Vestfjörðum. Og að sigla í svona miklum ís á milli eyja og skerja er bara stórkostlegt. Ég hef mjög gaman af því. Við förum nánast aldrei út á hafið og erum að sigla í sundum og fjörðum og þar er það að mestu stillt og rólegt.“

Þrátt fyrir að vertíðin sé stutt leiðist Sigurði ekki á milli verk-

efna.

„Maður getur nýtt bátinn svo stuttan tíma á ári en á veturna fer ég á snjósleða. Ég get aldrei hætt að fara á snjósleða því mér finnst það svo fjandi gaman. Enda er það voða fínt í ellinni að geta hengt upp á jökul að leika sér á snjósleða. Þar eru svona gamlir kallar eins og ég best geymdir,“ segir hann skellihljæjandi.



Fornleifa leitað í Hnífsdal

Meðal dagskrárliða á opnum fundi íbúasamtakanna í Hnífsdal á mánudagskvöld var kynning á hugmyndum um fornleifauppgroft í Hnífsdal. Frumkvöðullinn að þessu framtaki er Kristján Pálsson, sagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, sem á langar ættir í Hnífsdal. „Mér var boðið að koma á fundinn og kynna þetta verkefni, sem ég þáði með þökkum. Við erum búin að fá leyfi fyrir fornleifagreftinum frá Ísafjarðarbæ, sem er landeigandinn í þessu


tilfelli. Þar að auki hef ég fengið leyfi landeigenda í Fremri-Hnífsdal um að leita þar ef til kemur“ segir Kristján.

Til liðs við sig fékk Kristján Margréti Hrönn Hallmundsdóttur, fornleifafræðing Vestfjarða, sem starfar við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík. „Hún er sérfræðingurinn í þessu fornleifa-verkefni. Við reynum að vinna þetta eins faglega og nokkur kostur er,“ segir hann.

„Ég reikna með að við ljúkum fyrstu könnun á þremur dögum í byrjun júlí. Í landi Heimabæjar

er höll sem heitir Bænhúshóll og við ætlum að kanna hvort þar séu minjar um bænhús. Samkvæmt heimildum þá voru bænhús eða kirkjur á öllum lögbýlum Skutulsfirði. Hins vegar eru engar sagnir um bænahús eða kirkju í Hnífsdal. Ég trúi því ekki að forfeður mínir í Hnífsdal hafi verið svo miklu vantrúaðri á Krist heldur en nágrannar þeirra,“ segir Kristján.

Þessi fornleifaleit tengist öðru verkefni, því að Kristján er um þessar mundir að rita sögu Hnífsdals.



Ferðablaðið 2015 komið út

Ferðablaðið Vestfirðir sumarið 2015 er komið út, en það er upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út 21. sumarið í röð og liggur frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks víðs vegar um land allt. Í blaðinu má finna upplýsingar um ferðapjónustuaðila á Vestfjörðum, helstu ferðamannastaði og annað sem ferðamanninum leikur forvitni á að vita. Finna má mikinn fróðleik um fuglalíf og náttúrlíf á Vestfjörðum í blaðinu, sem og viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga um þetta merkilega landsvæði.

Ritstjóri blaðsins er Sunna Dís Másdóttir. Í ritstjórastofu sinni segir hún að náttúruöflin búi á Vestfjörðum. „Þau eru aldeil langt undan í huga ferðalangs sem þeir augu á móti sólu, rýnir í ský á himni, leyfir huganum að sveima með skrikjandi fuglum hátt upp í þverhnipt og jökulsorfin fjöll. Í vestfirskri náttúru ólgar krafturinn og þar gerir hann líka innra með fólkinu – þeim sem búa árið um kring í faðmi hafs og fjall og ekki síður þeim sækja þenna töfrastað heim, aftur og aftur,“ skrifar Sunna. Hægt er að nálgast blaðið á pdf-formi á forsiðu bb.is.

Heitur reitur á Silfurtorgi

Snerpa ehf., á Ísafirði kom í síðustu viku upp heitum reit (þráðlausu interneti) á Silfurtorgi. Fyrirtækið hefur sett upp nokkra slíka reiti á Vestfjörðum m.a. á Hrafnseyri við Arnarfjörð, við Safnahúsið á Ísafirði, tvo við Ísafjarðarhöfn og einn við starfsstöð fyrirtækisins í Mánagötu. Að sögn Björns Davíðssonar, framkvæmdastjóra Snerpu fer framhaldið eftir undirtekningu og notkun heitu reitanna.

Til stendur að setja upp heita

reiti á Flateyri og á Þingeyri en á Þingeyri er tjaldsvæðið þannig staðsett að tjaldbúar búa við raf-rænt samband. „Etlí verði ekki komið þráðlaust samband á tjaldsvæðinu í Tungudal næsta sumar,“ segir Björn. Heitu reitirnir eru ekki gjaldfrjálsir enda fyrst og fremst miðaðir við þá sem ekki geta nýtt sér 3G samband. Notkunin kostar 300 krónur á dag eða 150 krónur fyrir klukkutímann.

– ellathora@bb.is



Til sölu

Til sölu er fiskverkunarhús og hjallur við Ísafjarðarveg, alls rúmur 400m² að stærð ásamt lóðarleiguréttindum.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7293 eða á netfanginu brynjar@kampi.is.

TIL SÖLU

Hin rótgróna verslun Jón og Gunna á Ísafirði er til sölu.

• Verslunin er í fullum rekstri og hefur vönduð og vinsæl fatamerki í sölu enda hafa tryggir og ánægðir viðskiptavinir s.l. 26 ár komið frá öllum landshornum.

• Rekstur verslunarinnar er frábært tækifæri fyrir alla þá sem hafa áhuga á skemmtilegri sjálfstæðri vinnu þar sem sköpunargleði og þjónustulund fara saman.

• Framundan eru innkaup fyrir veturinn og næsta vor.

Áhugasamir hafi samband í síma 456 3464 eða sendið póst á netfangið jonoggunnaverslun@simnet.is

Jón og Gunna verslun Austurvegur 2
400 Ísafjörður
Sími: 456 3464

NÝTT
BRAGÐ



WRIGLEY'S
Extra

x25

ORANGE
FLAVOUR

Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuðefnis í tyggigúmmi

Borðaðu Drekka
tyggja **Extra**



Kristín Harpa Jónsdóttir. Skemmtiferðaskipið Ocean Diamond er í bakgrunni.

Spilar eins og engill

„Hún spilar eins og engill, farþegum til ómældrar ánægju,“ sagði Knud Magnar Hansen, skipstjóri Ocean Diamond, um Ísafirðinginn Kristínu Hörpu Jónsdóttur, píanóleikara sem skemmtir farþegum um borð í sumar.

Ocean Diamond var á Ísafirði í síðustu viku og leit Kristín Harpa, sem er dóttir hjónanna Helgu Snorradóttur og Jóns Hallfreðs Engilbertssonar, við á BB áður en hún fór um borð að nýju. En hvernig kom það til að hún fór að

vinna á skemmtiferðaskipi?

„Það var hringt í mig í byrjun sumars og mér boðin vinna á skipinu. Þetta er frábært tækifæri og mjög skemmtilegt starf,“ segir Kristín Harpa. Hún kemur með skipinu til Ísafjarðar á tíu daga

fresti og notar þá tækifærið til að vera með fjölskyldu og vinum. Hún segir gesti skipsins helst vilja hlusta á jazz og dinnertónlist um borð.

„Það er aldrei að vita hvert þessi sumarvinna leiðir mig,

tækifærin eru víða“, segir Kristín Harpa. Sumarvertíðinni á Ocean Diamond, lýkur í ágúst en næsta vetur stefnir Kristín Harpa á að útskrifast frá Menntaskólanum á Ísafirði.

— ellathora@bb.is

Vinnur að ritun sögu Hnífsdals

Kristján Pálsson, sagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, vinnur nú að ritun sögu Hnífsdals. „Við skoðum á sögu Hnífsdals þá kemur í ljós að mikið vantar upp á heimildir um lífið þar á fyrstu öldum byggðar í Dalnum. Til þess að freista þess að fá einhverja innsýn í lífið á þessum tíma

er því lítið annað hægt að gera en að grafa og leita í jörðinni. Ef við finnum bænhús í þessu tilfelli, þá erum við komin í tíma aftur fyrir 1200 [aftur fyrir kirknatal Páls biskups Jónssonar, innskot]. Þá er möguleiki á því að það finnist grafir og þá hugsanlega bein til rannsóknar,“ segir Kristján.

Föðurætt Kristjáns Pálssonar er úr Heimabæ. „Páll Pálsson faðir minn var sonur Páls Pálssonar í Hnífsdal, sem var sonur Páls Halldórssonar sem byggði Páls-hús. Þessi ætt var í Hnífsdal frá því í byrjun 19. aldar. Móðurfólkið mitt er af svonefndri Hnífsdalsætt sem má rekja allt aftur til

16. aldar, en þá átti ættin allar jarðirnar í Dalnum. Ættmennin fluttu sennilega úr dalnum á 17. öld en komu aftur í byrjun þeirrar átjándu þegar Jón Jónsson hreppstjóri í Hnífsdal flyst í Dalinn. Hans sonur var Jón Jónsson lög-réttumaður sem keypti allar jarðirnar í Hnífsdal 1763. Jarðirn-

ar hafa haldist að hluta í ættinni síðan. „Kristján þorir á þessu stigi ekki að fullyrða neitt um verklok eða útgáfutíma sögu Hnífsdals.

„Þetta er allt miklu meira en ég bjóst við.“ Á komandi hausti birtist í Ársriti Sögufélags Ísafirðinga grein eftir Kristján, sem er hluti af þessu verki.

Landið, náttúran og fólkíð

Ísland er einstakt land. Sama er að segja um fólkíð og ekki síst náttúruna. Hún eru engu lík. En hvernig gengur sambúð þjóðarinnar við landið? Gætir þjóðin náttúrunnar? Fyrir liggur að þjóðin hyggt bjóða til Íslands margfalt fleiri gestum, en nemur fjölda íbúa landsins. Hið nýja laxeldi eða loðýrarækt eru nú fólgin í ferðaþjónustu. Margir vilja verða ríkir af henni og tekst vonandi. En til þess að svo verði verður að grípa í taumana og setja þessari sívaxandi og mikivægu atvinnugrein ramma. Það verður best gert með lagasetningu, sem markar þær skyldur sem ferðarekendur, seljendur gistingar og fleiri sem að ferðaþjónustunni koma verða að uppfylla. Það gleymist að verið er að selja túristum aðgang að Íslandi. Þeir vilja sjá náttúru Íslands og helst fara um byggðir jafnt og óbyggðir fullkomlega óhindrað. Það sést einna best af því hverjum augum of margir erlendir ferðamenn líta utanvega akstur. Allt of mörgum þeirra finnst sjálfsagt að aka þar sem þeim sýnist.

Við skulum líta til baka og læra af þeim mistökum sem loðýraræktin og laxeldi, einkum áttunda og níunda áratugarins kenndu okkur eða við hefðum átt að draga lærdóm af. Kapp er ávallt best með forsjá. Að sjálfsögðu gleður það hjarta og hug Vestfirðing að sjá gistirýmum fjölga, ekki síst á Patreksfirði. Það veitir mögu-

leika á því að við fáum til okkar stærri skerf ferðaþjónustunnar, þótt Vestfirðingar verði sennilega ávallt fremur smáir í ferðaþjónustu miðað við heildina. Enn skal á það minnt að við þurfum að taka okkur tak. Nægir að að nefna Dynjanda í Arnarfirði og Hornstrandir, auk margra annarra staða á Vestfjörðum, sem aðsókn eykst stöðugt að. Svæðið neðan Dynjanda er tæpast augnayndi lengur. Átak þarf til að taka þar á móti ferðamönnum svo sómi sé að. Bílastæði og salernisaðstöðu er brýnt að bæta.

Við þurfum öll hvert og eitt að leggjast á áramnar og bæta ásjúnd náttúru Íslands fyrir ferðamenn en þó aðallega okkur sjálf. Allt of víða má sjá rusl og því miður er umgengni okkar sjálfra síst til fyrirmyndar svo utanvega akstur Íslendinga sýnir of oft. Löngu er orðið nauðsynlegt að gefa ut kort sem sýnir hvar má aka og segir jafnframt til um það að annars staðar sé allur akstur bannaður. Of lítið er rætt um afleiðingar leiðangra þar sem ferðamönnum safnað á tvöfalt fleiri hesta og landið lætur á sjá. Allt rusl þarf að hirða. Magnað var að sjá það sem skilaði sér eftir hreinsun á Hornstöndum. Hvorki má henda rusli í sjó eða á landi. Útlendingar njóta ferða til Íslands og um landið, en fær þjóðin arðinn eða endar hann í vösum ferðarekenda?


Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.




Lúxus

*Saltkaramellu
íspinni*



ENN MEIRI LÚXUS

Nýjasti meðlimur Lúxus-fjölskyldunnar er ljúffengur íspinni með seigri saltkaramellu sem við þróuðum í samstarfi við Norðursalt. Þjóðum hann hjartanlega velkominn!





Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

2. júlí 1907: Tveir þýskir menn, jarðfræðingur og listmálari, drukknuðu í Öskjuvatni. Minningartafla um slysið var sett upp árið 1951.

3. júlí 1986: Sjálfvirkir farsíma-kerfi var formlega tekið í notkun. Þá hafði verið komið upp þjónustustöðvum á svæðinu frá Vík í Mýrdal vestur um land til Vestfjarða.

4. júlí 1973: Margrét Dana-drottning og Henrik prins komu í heimsókn til Íslands og dvöldu hér í fjóra daga.

5. júlí 1933: Hópflug Ítala. Sveit 24 flugvéla hafði viðdvöl í Reykjavík á leið frá Róm til Chicago. Balbo flugmálaráðherra Ítalíu var foringi sveitarinnar. Nákvæmlega hálfri öld síðar kom ítölsk flugsveit til að minnast hópflugsins til Íslands.

6. júlí 1987: Sænska rokkhljómsveitin Europe hélt tónleika í Laugardalshöll í Reykjavík. Á sjötta þúsund ungmenntu sótti tónleikana.

7. júlí 1941: Bandaríkjaher kom til Íslands og annaðist vernd landsins til stríðsloka, ásamt Bretum. Alþingi samþykkti hverndina tveimur dögum síðar. Erlendir hermenn á Íslandi munu flestir hafa verið um 60 þúsund en landsmenn voru þá um 120 þúsund. Síðustu bandarísku hermennirnir fóru í apríl 1947.

7. júlí 1974: Kúttur Sigurðar, sem smíðaður var í Englandi 1885, kom til Akraness frá Færeyjum. Hann var settur á byggðasafnið að Görðum og er eini kútturinn sem varðveittur er hér á landi.

8. júlí 1951: Bjarg lenti á fólksflutningabíli á Óshlíð. Í bifreiðinni voru 30 íþróttamenn. Tveir biðu bana og tveir slösuðust.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Fremur hæg austlæg átt og skýjað að mestu. Hiti 10-18 stig, hlýjast í innsveitum.

Horfur á laugardag:

Austlæg átt, 5-10 m/s og bjart að mestu. Hiti 10-20 stig, hlýjast norðan- og vestanlands.

Horfur á sunnudag:

Austlæg átt og skýjað. Hiti 8-19 stig, hlýjast vestanlands.

Krossgátan



		ÁRÁS	VOPN	GERÐ	TIL		KÆLA	SKILJA
ÁSTIR								
HA						ÁTT GNÆGD		
MÓÐURLÍF					HOLA NEYTA			
STÓ							TVEIR EINS	
GLUNDUR								
	↓	NAFNBÓT	GOÐ STRIT			DANA KROPPA		
LÍTID GLAS					NÁTT ÖGRUN			TUNNA
Í MIÐJU					RÉTT ÓSVIKINN			ÆTTAR- SETUR
BORÐAÐI			SKRIFA SLEPJA				HLJÓM ÁVÖXTUR	
STRIT				GARÐS- HORN		JAFNVEL SKJÖN		
SUND				TRÆÐKA HUGLAUS				PIRRA
		RÍKI MÆLI- EINING				SLÆMA SVÍKJA		
FORMÓÐIR				FISKUR FYRIRHÖFN				ELDUR
Í RÖÐ			GLÁPA SAKKA			BÓK- STAFUR	SKÓLI FJÖR	
HVERJUM EINASTA					STAFIR			
JURTA- RÍKI					NIÐUR- LÆGJA			
ÓHRÓÐUR				FLOG				

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lúxusvara sem miklar kröfur eru gerðar til

Fiskiolían Dropi frá fyrirtækinu True Westfjords í Bolungarvík er komin í verslanir um land allt og þar á meðal í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Fyrstu vörurnar fóru í sölu í Bjarnabúð í Bolungarvík í aprílbyrjun, enda við hæfi að byrja í elstu verslun á svæðinu, en síðan hafa kvíarnar verið færðar út. „Já, við erum að þreifa fyrir okkur varðandi útlönd,“ segir Sigrún Sigurðardóttir, einn eigendanna, aðspurð um erlenda markaði. „Það er verið að þreifa á mörgum stöðum, en ég reikna frekar með að byrjað



verði í einhverju landi í Evrópu.“ Sigrún segir að viðbrögðin hafi verið góð, „en í rauninni vissum svo sem ekki hverjar væntingarnar ættu að vera áður en við fórum af stað.“

Dropi fæst bæði í fljótandi formi og í hylkjum. Hér er um lúxusvöru að ræða þar sem miklar kröfur eru gerðar. „Sérstaða okkar felst í nýju og fersku hráefni af fiski sem veiddur er af dagróðrabátum í Ísafjarðardjúpi. Hráefnið er rekjanlegt þar sem við vitum hvaða bátar landa á hverjum tíma á markaðinum. Við erum með vottun frá Iceland Responsible Fisheries [ábyrgar veiðar] og síðan erum við komin með halal-vottun líka og fleira af því tagi er í gangi,“ segir Sigrún.

Olían er kaldunnin, þannig að

hún er aldrei hituð upp fyrir 42 gráður. Það er nokkuð sem hentar neytendum hráfæðis og öðrum sem vilja lítið meðhöndlaða vöru. Þar sem Dropi er náttúruleg afurð haldast náttúruleg vítamín lifrarinna í olíunni, en magn þeirra sveiflast eftir árstíðum, litur olíunnar og bragð geta breyst eftir því í hvaða æti þorskurinn er. Gelatíníð í hylkjunum er úr fiski, þannig að varan er úr fiski alla leið.

Nú nýlega veitti Tækniþróunarsjóður True Westfjords í samstarfi við MATÍS styrk til verkefnisins þar sem farið verður í frekari rannsókn á olíunni. „Það er mikil viðurkenning fyrir okkur,“ segir Sigrún.

Upphaf True Westfjords má rekja til þess þegar Sigrún var í MBA-námi með Önnu Sigríði Jörundsdóttur og Birgittu Baldursdóttur og hugmyndin kviknaði í tengslum við verkefni í náminu. Þær stofnuðu fyrirtækið árið 2012 og síðan var unnið gríðarmikið þróunarstarf áður en varan var sett á markað.

Bjarni ráðinn framkvæmdastjóri

Bjarni Sólbergsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Orkubús Vestfjarða. Alls sóttu þrettán einstaklingar um stöðuna sem auglýst var laus í síðasta mánuði. Bjarni tekur við af Sigurjóni Kr. Sigurjónssyni sem gegnt hefur starfinu um árabil. Bjarni var fjármálastjóri og síðar framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Orkubúi Vestfjarða á árunum 1986-1991 en áður gegndi hann starfi fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar.

Hann var forstöðumaður fjármálasviðs hjá Verdis til ársins 2013 er hann tók við starfi ráðgjafa hjá Applicon og sinnti þar þjónustu við Vigor viðskiptahugbúnað og þá aðallega orkureikningakerfi. Bjarni er borinn og barnfæddur Bolvíkingur.

Ný vefmyndavél á Hrafnseyri

Snerpa hefur gangsett vefmyndavél á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Myndavélin er staðsett á aðalbyggingunni og vísar yfir hlaðið á Hrafnseyri og yfir fjörðinn til suðvesturs. „Það hefur verið smá lúxusvandamál í gangi hjá okkur hvað vefmyndavélarnar eru vinsælar og við erum að undirbúa að setja upp fleiri vélar og öflugari miðlunarþjón fyrir þær. Við skiptum um miðlunarþjón í síðustu viku og þrefölduðum minni í honum en sjáum fram á að þurfa enn öflugari vél fljótlega, t.d. er Ísafjarðarvél nr. 1 oft sein að taka við sér enda mest skoðaða vélin.

Við biðjum áhorfendur að sýna okkur þolinmæði vegna þessa en til stendur að taka í gegn eftir sumarfríin síðuna þannig að hún verði snjallsímavæn en sumir snjallsímar ná ekki myndinni eins og er,“ segir á vef Snerpu.

Sudoku þrautir

3	9			1	7			
7		4						2
2				5		9	7	
	7	9			2	8	3	1
5						6		
		6	8		4			
8		2			3	7		
	1			9	8	5		
		7					8	6

	6	1		7	3	2	4	
3				8		6		1
				9	1		6	
	4	5	7			3		8
	8	3	6				9	7
	1	9		2	8			
		6				9		
9		8				7		6
	3	7	1	6	9	8	5	

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði

www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN

Simi í Bolungarvík 450 7900
Simi á Ísafirði 450-7910

VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HG

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.

- spálfrætt niðring stjórnaðlunda

Stk.	Vöruheiti	Vörunúmer	Verð
1	HJÄLMAREN handklæðaslá	7592	4.950 kr.
1	STOCKHOLM 3ja sæta sófi	063	199.900 kr.
3	ALGOT hilla	0	2.550 kr.
1	GUDINGEN sturtuhengi		2.750 kr.
5	BYHOLMA karf		1.390 kr.
7	KLOR LERN		18.690 kr.
1			990 kr.



ÚTSALAN HEFST Í DAG KL. 11



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is

